HS Orka veitti enga lögfræðiráðgjöf

Að gefnu tilefni af fréttum um meinta ráðgjöf HS Orku við oddvita og hreppsnefnd vegna beiðni um upplýsingar til Árneshrepps vill HS Orka koma eftirfarandi á framfæri.

HS Orka veitti enga lögfræðiráðgjöf vegna málsins. Þetta staðfestir tölvupóstur sem lögfræðingur HS Orku sendi oddvita Árneshrepps þegar málið kom upp. Í tölvupósti til sveitarfélagsins var oddvitanum þess í stað vísað á lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga eða aðra lögmenn til að leita sjálfstæðrar lögfræðiráðgjafar.

Í öðrum tölvupósti sem forstjóri HS Orku sendi oddvita Árneshrepps í kjölfarið var greint frá þeirri afstöðu fyrirtækisins að það hefði ekkert á móti því að gögn yrðu birt á grundvelli beiðninnar, framkvæmdaaðilinn hefði ekkert að fela og að það væri til þess fallið að skapa tortryggni að afhenda þau ekki.

Stjórnarmaður í Rjúkanda segist hafa öll tölvupóstsamskipti undir höndum sem hann hefur komið á framfæri við fjölmiðla. Einhverra hluta vegna hefur hvorki svar lögfræðings HS Orku né afstaða forstjórans sem send var hreppnum, ratað í fréttir fjölmiðla. HS Orka telur það miður og frábiður sér órökstuddar ályktanir sem ekki eiga sér stoð í gögnum og liggja þó fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku hf. (855 9301)

Meðfylgjandi:

1. Tölvupóstur lögfræðings HS Orku dags. 26. júní 2017
2. Tölvupóstur forstjóra HS Orku dags. 26. júní 2017

From: Finnur Beck
Sent: mánudagur, 26. júní 2017 13:38
To: Ásgeir Margeirsson <am@hsorka.is>; Oddviti <oddviti@arneshreppur.is>; gunnar@vesturverk. is <gunnar@vesturverk.is>
Subject: RE: Beiðni um bréf/erindi

Sæl verið þið,

Samkvæmt siðareglum lögmanna og lögum um lögmenn er mér, þrátt fyrir góðan vilja, óheimilt að veita sveitarfélaginu (raunar öllum öðrum en HS Orku) lögfræðiráðgjöf. Ég get því lítið lagt til málanna. Ég bendi t.d. á lögfræðinga sambands íslenskra sveitarfélaga sem ég hygg að þekki þetta vel og enn fremur er ekkert mál að benda sveitarfélaginu á lögmenn sem sinna svona málum.

Án þess að í því felist sérstök ráðgjöf til sveitarfélagins þá get ég vísað ykkur á þau lög sem vísað er til.

Beiðnin er studd við upplýsingalög 140/2012 og lögum um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006. Upplýsingalögin er að finna hér: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012140.html og lög 23/2006 hér: http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006023.html . Markmið síðarnefndu laganna er að útvíkka upplýsingaskyldu varðandi umhverfismál.

Í upphafi II. kafla upplýsingalaga er sett fram meginreglan rétt til aðgangs að upplýsingum.

> **II. kafli. Almennur aðgangur að upplýsingum.**
> ■ **5. gr.** *Réttur almennings til aðgangs að gögnum.*
> ☐ Sé þess óskað er skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.–10. gr. Sama gildir þegar óskað er aðgangs að tilteknum fyrirliggjandi gögnum. Ekki er þó skylt að útbúa ný skjöl eða önnur gögn í ríkari mæli en leiðir af 3. mgr.
> ☐ Réttur til aðgangs að gögnum nær til:
> 1. allra gagna sem mál varða, þ.m.t. endurrita af bréfum sem stjórnvald eða annar aðili skv. I. kafla hefur sent, enda megi ætla að þau hafi borist viðtakanda,
> 2. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum máls og lista yfir málsgögn.
> ☐ Ef ákvæði 6.–10. gr. um takmarkanir á upplýsingarétti eiga aðeins við um hluta gagns skal veita aðgang að öðrum hlutum þess.

Þannig að við mat á hvort afhenda beri gögn þarf að m.a. skoða 5. gr. laganna og svo hvort eitthvert undanþáguákvæðanna í 6.-10. gr. eigi við. Enn fremur þarf að meta beiðnina með hliðsjón af lögum 23/2006.

Ég vona að þetta hjálpi við að koma ykkur á sporið þó rýrt sé og aðeins um vísanir að ræða.

Kær kveðja | Best regards
Finnur

From: Ásgeir Margeirsson
Sent: mánudagur, 26. júní 2017 14:55
To: 'Oddviti' <oddviti@arneshreppur.is>
Cc: gunnar@vesturverk. is <gunnar@vesturverk.is>
Subject: RE: Beiðni um bréf/erindi

Sæl Eva,

Við erum búnir að kanna málið svolítið okkar megin. Afstaða okkar er sú að þú ættir hiklaust að senda þeim bréfið sem Gunnar sendi ykkur 2. júní. Við höfum ekkert að fela og það gæti skapað tortryggni að afhenda þetta ekki. Hvort um sé að ræða önnur skjöl um málið hjá ykkur veit ég ekki.

Ég tel að gott sé að láta koma fram að þau verkefni sem talin eru upp í bréfi VesturVerks eru að frumkvæði heimamanna, þ.e. áherslan kemur þaðan um hvaða verkefni komi helst til greina. Enda ræddum við það nákvæmlega þannig.

Kær kveðja | Best regards
Ásgeir